

Fasteignagjöld 2026

Borgarstjórnin í Reykjavík, 22. janúar 2026.

Álagningar- og breytingarseðlar fasteignagjalda í Reykjavík 2026 verða birtir á vefsíðunni island.is og á reykjavik.is/minar-sidur á næstu dögum. Álagningar- og breytingarseðlar eru ekki sendir í pósti í samræmi við breytingu sem gerð var á lögum nr. 4/1995 sem tók gildi 1. janúar 2019, en þá er sveitarstjórn heimilt að senda tilkynningu um álagningu fasteignaskatts rafrænt.

Fasteignagjöldin verða innheimt í gegnum netbanka þar sem jafnframt er hægt að prenta út greiðsluseðil. Greiðsluseðlar verða ekki sendir út en hægt er að óska eftir heimsendum greiðsluseðlum á mínum síðum á www.reykjavik.is eða í gegnum þjónustuver Reykjavíkurborgar í síma 411 1111.

Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar annast álagningu og innheimtu á fasteignaskatti, lóðaleigu og sorphirðugjaldi.

Fasteignagjöld ársins 2026, yfir 25.000 kr., greiðast með ellefu jöfnum greiðslum á eftirfarandi gjalddögum: **31. janúar, 2. mars, 4. apríl, 2. maí, 1. júní, 5. júlí, 2. ágúst, 1. september, 3. október, 1. nóvember og 5. desember**

Gjalddagi fasteignagjalda undir 25.000 kr. er 31. janúar.

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar, sem fengu afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi sem greitt er til Orkuveitu Reykjavíkur á síðastliðnu ári, fá einnig að óbreyttu afslátt af fasteignaskatti og fráveitugjaldi fyrir árið 2026 að teknu tilliti til tekjuviðmiða. Eftir yfirferð Ríkisskattstjóra á skattframtölum elli- og örorkulífeyrisþega framkvæmir Fjármála- og áhættustýringarsvið breytingar á fasteignaskatti og fráveitugjaldi ***Það þarf því ekki að sækja sérstaklega um afslátt þessara gjalda.*** Við álagningu fasteignagjalda í janúar verður afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega til bráðabirgða miðaður við tekjur ársins 2024. Þegar álagning vegna tekna ársins 2025 liggur fyrir í júní 2026, verður afslátturinn endanlega ákvarðaður og verða þá allar breytingar tilkynntar bréflaga seinnipartinn í október.

Skilyrði afsláttar eru að viðkomandi sé elli- eða örorkulífeyrisþegi, sé þinglýstur eigandi fasteignar, eigi þar lögheimili og geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt og eignaskatt.

Einungis er veittur afsláttur vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Borgarráð hefur ákveðið að tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega vegna afsláttar fasteignaskatts og fráveitugjalds á árinu 2026 verði eftirfarandi:

100% afsláttur: Einstaklingur með tekjur allt að 6.000.000 kr.

A100 Samskattaðir einstaklingar með tekjur allt að 8.360.000 kr.

80% afsláttur: Einstaklingur með tekjur á bilinu 6.000.001 til 6.860.000 kr.

A80 Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 8.360.001 til 9.270.000 kr.

50% afsláttur: Einstaklingur með tekjur á bilinu 6.860.001 til 7.980.000 kr.

A50 Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 9.270.001 til 11.080.000 kr.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, veitir allar upplýsingar varðandi álagningu og breytingar á gjaldi fyrir meðhöndlun úrgangs í síma 411 1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið sorphirda@reykjavik.is.

Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar, Höfðatorgi, Borgartúni 12-14, veitir upplýsingar varðandi álagningu fasteignaskatts og lóðarleigu og breytingar á þeim í síma 411 1111. Einnig má leita upplýsinga með tölvupósti á netfangið fasteignagjold@reykjavik.is.

Hægt er að leita upplýsinga um ofangreind atriði á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is